




Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg
Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins

HJÚKRUNARHEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

FRAMVINDUSKÝRSLA APRÍL 2020



1. Yfirlit yfir verkið

Hjúkrunarheimilið mun innihalda 60 hjúkrunarrými á tveimur hæðum, auk sameiginlegra rýma og stoðryma. Heildarflötur byggingarinnar verður rúmir 4000 fermetrar.

2. Framkvæmdir

Fyrri hluta aprílmánaðar var allt kapp lagt á að ljúka við fyrsta hluta jarðvegspúða með það að markmiði að hefja mótauppslátt og uppsteypu sem fyrst.

Um miðjan apríl hófst svo loks vinna við uppsteypu sökkla og hélt sú vinna áfram út mánuðinn eftir því sem svæði með tilbúinni fyllingu leyfði.

Samhliða mótauppslætti, járnbandingu og steypu sökkla hélt jarðvinna áfram á þeim svæðum sem eftir voru en gert er ráð fyrir að jarðvinnu undir sjálfa bygginguna ljúki loks að fullu í maí.



Efri myndin hér að ofan var tekin 3. apríl en sú neðri var tekin 30. apríl

3. Staða verks miðað við áætlanir

Þann 28. apríl sendi verktaki frá sér orðsendingu, þar sem farið er fram á 14 vikna framlengingu á verktíma í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa í tengslum við jarðvinnuhluta framkvæmdarinnar. Að mati FSR eru raunverulegar tafir á þessu stigi frekar á bilinu 8-10 vikur en að sögn fulltrúa verktaka hafa þeir í kröfu sinni tekið með í reikninginn að ráðgerð full afköst í uppsteypu nást ekki fyrr en jarðvinnu er með öllu lokið enda takmarkast nú mótateymið af því svæði þar sem jarðvegspúði er tilbúinn.

FSR mun í formlegu svári við orðsendingunni gera grein fyrir sínu mati um 8-10 vikur en engu að síður leggja til að fram fari sameiginlegt endurmat á stöðu verksins þegar jarðvinnu undir byggingu verður lokið og fullum afköstum í uppsteypu náð.

Ljóst er að ef mat verktaka á töfum framkvæmda stenst, mun það hafa í för með sér að byggingunni verður ekki skilað fyrr en um miðjan október 2021.

4. Aukaverk, viðbætur og breytingar

Líkt og áður hefur komið fram í framvinduskýrslum hefur verið talsvert um magnaukningar og aukaverk í jarðvinnuhluta verksins. Verður það fyrst og fremst rakið til þess að hönnunargögn gerðu ráð fyrir betri grundunaraðstæðum og minna umfangi en raunin varð, auk þess sem upp hafa komið önnur einstök mál á borð við færslu háspennustrengs.


5. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verks

Hingað til hafa greiðslur fyrir hefðbundna framvindu verið lægri en áætlað var en að sama skapi hlutfall magnaukninga og aukaverka mun hærra en gert var ráð fyrir á þessu stigi framkvæmdanna.


Í kostnaðaráætlun verkefnisins er gert ráð fyrir bæði aukaverkum og magnaukningum og því er enn sem komið er ekki ástæða til að ætla að umfang þess sem upp hefur komið á stigi jarðvinnu hafi áhrif á heildarútkomu verksins, þrátt fyrir að vissulega sé búið að ganga hraðar á þá sjóði í upphafi verks en ráðgert var.

Fram kom í framvinduskýrslu marsmánaðar að áætla mætti að í lok jarðvinnu verði samanlagður kostnaður við aukaverk og magnaukningar orðinn á bilinu 50 til 60 milljónir króna. Nú er allt útlit fyrir að sú tala verði öllu hærri, eða á bilinu 70 til 75 milljónir króna. Endanlegt umfang magnbreytinga og aukaverka frá jarðvinnuhluta framkvæmdanna mun ekki liggja fyrir fyrr en að maímánuði liðnum og verður gerð grein fyrir heildarkostnaði þeirra í framvinduskýrslu maí.

Hér má sjá heildarkostnaðaryfirlit verksins, ásamt áætlaðri dreifingu milli ára og útkomuspá:

HEILDARKOSTNAÐARYFIRLIT		Áætlun útkoma m.v. Fjárhagsyfirlit dags. 30.04.2020 / Hreinn Sigurðsson		Dags: 20.05.2020					
Verknúmer: 608 7030 / Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg									
		Kostnaðaráætlun (SOF-samþykkt 27.06.2019)	Uppfærð kostnaðaráætlun eftir útböð (SOF upplýst 11.11.2019)	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu (Fjárhagsyfirlit tekið út 30.04.2020)	Áætlun til loka árs 2020	Áætlun útkoma 2020	Áætlun 2021	Samtals áætlaður heildar- kostnaður
1	Ráðgjöf	234.600.000	233.900.000	172.200.675	8.387.006	20.612.994	29.000.000	32.699.325	233.900.000
1.1.	Hönnun	180.100.000	179.900.000	144.762.450	5.581.512	10.418.488	16.000.000	19.137.550	179.900.000
1.2.	Ráðgjöf önnur en hönnun	32.500.000	33.000.000	12.483.605	2.775.494	7.224.506	10.000.000	10.516.395	33.000.000
1.3.	Kostnaður tengdur ráðgjöf	22.000.000	21.000.000	14.954.620	30.000	2.970.000	3.000.000	3.045.380	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit	136.500.000	150.600.000	41.842.919	17.231.788	36.868.212	54.100.000	54.657.081	150.600.000
2.1.	Umsjón	75.900.000	85.300.000	41.107.609	5.715.115	13.384.885	19.100.000	25.092.391	85.300.000
2.2.	Eftirlit	60.600.000	65.300.000	735.310	11.516.673	23.483.327	35.000.000	29.564.690	65.300.000
3	Verkfræmð	2.347.000.000	2.463.800.000	23.043	152.066.184	932.933.816	1.085.000.000	1.376.776.957	2.461.800.000
3.1.	Verksamningar	2.100.000.000	2.223.100.000	23.043	87.049.573	862.950.427	950.000.000	1.273.076.957	2.223.100.000
3.2.	Magnbreytingar	79.800.000	84.500.000	0	39.578.999	15.421.001	55.000.000	29.500.000	84.500.000
3.3.	Aukaverk	84.000.000	84.500.000	0	24.561.237	25.438.763	50.000.000	32.500.000	82.500.000
3.4.	Verðbætur	83.200.000	71.700.000	0	876.375	29.123.625	30.000.000	41.700.000	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	23.200.000	20.200.000	2.380.367	355.068	12.444.932	12.800.000	5.019.633	20.200.000
4.1.	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	22.300.000	19.400.000	2.234.505		12.000.000	12.000.000	4.765.495	19.000.000
4.2.	Rekstur á framkv.t.	900.000	800.000	145.862	355.068	444.932	800.000	254.138	1.200.000
5	Búnaður og listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	0	2.500.000	2.500.000	27.000.000	29.500.000
5.1.	Búnaður	0	0	0	0	0	0	0	0
5.2.	Listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	0	2.500.000	2.500.000	27.000.000	29.500.000
6	Viðbótarverk	0	0	0	0	2.000.000	2.000.000	0	2.000.000
6.1.	Viðbótarverk - Ráðgjöf					0	0		0
6.3.	Viðbótarverk - Verkfræmð					2.000.000	2.000.000		2.000.000
6.5.	Viðbótarverk - Búnaður og listskr.					0	0		0
Samtals		2.770.000.000	2.898.000.000	216.447.004	178.040.046	1.007.359.954	1.185.400.000	1.496.152.996	2.898.000.000

Hér má sjá fjárhagsyfirlit sem sýnir stöðu kostnaðar við verkefnið síðastliðin mánaðamót:

 FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS				Verklegar framkvæmdir			
6087030 Hjúkrunarheimili Árborg				Fjárhagsyfirlit 30.04.2020			
Innborganir frá verkkaupum	Greiðsluhlutdeild %		Upphafleg áætlun um fjármögnun verksins	Innborgað frá fyrri árum	Innborgað á árinu	Áætlun um innb. Til loka verks	Samtals áætlaðar innborganir
	Upph.	Núgild.					
Heilbrigðisráðuneytið	0	84	0	0	374.000.000	2.060.320.000	2.434.320.000
Velferðarráðuneyti	84	0	0	2.434.320.000	194.786.993	0	0
Sveitarfélagið Árborg	16	16	0	463.680.000	37.268.951	72.000.000	463.680.000
Samtals	100	100	0	2.898.000.000	232.055.944	446.000.000	2.219.944.056

Heildarkostnaður		Upphafleg áætlun um heildarkostnað verksins	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu	Áætlaðar eftirstöðvar	Samtals áætlaður heildarkostnaður (ur (10.01.2020)
1	Ráðgjöf	233.900.000	172.200.675	8.387.006	53.312.319	233.900.000
1.1	Hönnun	179.900.000	144.762.450	5.581.512	29.556.038	179.900.000
1.2	Ráðgjöf önnur en hönnun	33.000.000	12.483.605	2.775.494	17.740.901	33.000.000
1.3	Kostnaður tengdur ráðgjöf	21.000.000	14.954.620	30.000	6.015.380	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit	150.600.000	41.842.919	17.231.788	91.525.293	150.600.000
2.1	Umsjón	85.300.000	41.107.609	5.715.115	38.477.276	85.300.000
2.2	Eftirlit	65.300.000	735.310	11.516.673	53.048.017	65.300.000
3	Verkframkvæmd	2.463.800.000	23.043	152.066.184	2.311.710.773	2.463.800.000
3.1	Verksamningar	2.223.100.000	23.043	87.049.573	2.136.027.384	2.223.100.000
3.2	Magnbreytingar	84.500.000	0	39.578.999	44.921.001	84.500.000
3.3	Aukaverk	84.500.000	0	24.561.237	59.938.763	84.500.000
3.4	Verðbætur	71.700.000	0	876.375	70.823.625	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.t	20.200.000	2.380.367	355.068	17.464.565	20.200.000
4.1	Gjöld	19.400.000	2.234.505	0	17.165.495	19.400.000
4.2	Rekstur á framkv.t	800.000	145.862	355.068	299.070	800.000
5	Búnaður og listskreytingar	29.500.000	0	0	29.500.000	29.500.000
5.2	Listskeytingar	29.500.000	0	0	29.500.000	29.500.000
Samtals		2.898.000.000	216.447.004	178.040.046	2.503.512.950	2.898.000.000

Líkt og fram kemur í yfirlitum og texta hér að framan hefur greiðsludreifing í verkinu ekki verið í samræmi við áætlun. Fyrir vikið hefur áætlun fyrir dreifingu kostnaðar milli ára verið uppfærð og verður greiðsluáætlun verkkaupa uppfærð til samræmis í kjölfarið.

Hér má sjá hvernig uppfærð útkomuspá gerir ráð fyrir að rúmlega 476 milljónir færast á milli ára og komi þannig til greiðslu árið 2021 í stað 2020 eins og áður var ráðgert:

Greiðsluáætlun		Samtals áfallið til og með þetta ár	Áætlun 2021	áætlaður heildar- kostnaður
Framvinda samkvæmt uppfærðri útkomuspá		1.401.847.004	1.496.152.996	2.898.000.000
Framvinda samkvæmt gildandi greiðsluáætlun		1.878.247.004	1.019.752.996	2.898.000.000
Frávik (hækkun/-lækkun)		-476.400.000	476.400.000	0

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á abendingar@fsr.is.

Reykjavík, 20. maí 2020

Hreinn Sigurðsson, verkefnisstjóri